

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 6. september 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

27. júní 1986

Nr. 64

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 26. júní 1986 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Í stað síðustu málsgreinar 20. greinar komi sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentstöðu. Deild eða námsbraut skal gera tillögu um slíka stöðuhækkun til háskólaráðs. Lektor, sem setið hefur í stöðu sinni í fimm ár, á rétt til þess að fjallað verði um stöðuhækkun honum til handa í háskólaráði. Háskóladeild eða námsbraut er heimilt að leggja til við háskólaráð, að kennari í fullu starfi verði fluttur úr dósentstöðu í prófessorsembætti. Með tillögu um stöðuhækkun skal fylgja skriflegur rökstuðningur deildar eða námsbrautar svo og sams konar gögn og fylgja skulu umsóknum um lausar stöður. Slíka tillögu má bera fram þegar fimm ár eru liðin frá því að dósentinn var skipaður eða settur í heila dósentstöðu, eða var fluttur úr lektorsstöðu. Við mat á starfstíma er heimilt að taka tillit til samsvarandi starfa dósentins við aðra háskóla eða við rannsóknastofnanir. Háskólaráð skal meta hvort umsókn um færslu dósentis telst uppfylla umrætt tímaákvæði.

Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd til að dæma um hæfi lektors eða dósentis til að hljóta stöðuhækkun. Skal deild eða námsbraut tilnefna einn dómnefndarmanna og er hann formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra tilnefnir annan og hinn þriðja skipar háskólaráð án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna gilda sömu reglur og við dómnefndarskipun við ráðstöfun á lausum stöðum. Háskólarektor skal auk þess tilnefna fulltrúa sinn í hverja dómnefnd og hafi hann tillögurétt í nefndinni en standi ekki að álitni nefndarinnar. Dómnefnd skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Skal hún láta uppi rökstutt álit um það hvort af störfum kennarans við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða að hann sé hæfur til að gegna umræddri stöðu.

Hafi dósent nýlega hlotið hæfnisdóm til að gegna prófessorsembætti er deild heimilt að meta hvort þörf sé nýrrar dómnefndar.

Að fengnu álitni deildar eða námsbrautar gerir háskólaráð tillögu til menntamálaráðherra um afgreiðslu málsins. Ekki er heimil færsla kennara í hærri stöðu nema dómnefnd segi berum orðum að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að leggja til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti. Skal þá farið eins að og um flutning dósents í prófessorsembætti að svo miklu leyti sem við getur átt.

Háskólaráði er heimilt að setja starfsreglur fyrir dómnefndir er fjalla um færslu lektora í dósentsstöður eða flutning dósenta og forstöðumanna í prófessorsembætti. Reglur þessar skal birta starfsmönnum háskólans.

2. gr.

110. grein, málslíður a) verði svohljóðandi:

Aðalgreinar til B. A.-prófs: Bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði, sálarfræði, stjórnmálafræði, uppeldisfræði, félagsráðgjöf.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. júní 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.